

# 1. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## STARFSÁRIÐ 2019-2020

Fimmtudaginn 6. júní kl. 18:00 var haldinn fyrsti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðni B. Guðnason, Heiðar Sveinsson og Þorsteinn Thorsteinson (sem tók þátt í fundinum gegnum síma).

Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Endurskoðaðar veiðiprófareglur tegundahóps 7

Á fundinn voru boðaðir formenn deilda í tegundahópi 7, dómarráðs sem og endurskoðunarnefndar veiðiprófareglna tegundahópsins og mættu eftirfarandi:

Atli Ómarsson FHD og endurskoðunarnefnd, Egill Bergmann Írsk setterdeild og endurskoðunarnefnd, Elín Gestsdóttir Írsk setter deild, Guðmundur Pétursson Vorstehdeild og endurskoðunarnefnd, Guðni Stefánsson Vorstehdeild og endurskoðunarnefnd, Haukur Reynisson Fuglahundadeild og endurskoðunarnefnd (sem tók þátt í fundinum gegnum síma), Kristinn Þór Einarsson DESÍ, Ólafur Ragnarsson DESÍ og Svafar Ragnarsson dómarráði.

Herdís fór yfir forsögu málsins. Ákveðið fyrirkomulag er í veiðiprófareglum TH7 um það hvernig staðið skuli að breytingum á veiðiprófareglum og stjórn félagsins nálgast verkefnið verkefnið á þeim forsendum að ákvörðunarrétturinn sé hjá deildunum. Stjórn félagsins leit þannig á að hlutverk hennar væri að fara yfir regluverkið og hvort eitthvað þar stangist á við aðrar reglur félagsins. Endurskoðunarnefnd veiðiprófareglna TH7 starfar á ábyrgð stjórnar deildanna sem allar eiga sinn fulltrúa í nefndinni. Stjórn félagsins samþykkti endurskoðaðar reglur eftir fund með fulltrúum endurskoðunarnefndarinnar sem lýstu yfir að nefndin hefði í einu og öllu fylgt ákvæðum reglnanna um endurskoðun. Það kom því á óvart þegar erindi barst stjórn um óánægju milli deilda í TH7 varðandi vinnuna og því var boðað til þessa fundar. Stjórn félagsins leggur áherslu á að málamiðlanir varðandi reglurnar verði að eiga sér stað innan deilda í TH7, áður en það fari fyrir stjórn félagsins. Það er hins vegar skilningur stjórnar að erfitt sé að breyta um reglur á miðju veiðiprófatímabili en spurning hvað skuli gera varðandi próf fyrir meginlandshunda? Slík próf hafa ekki enn verið haldin og því spurning hvort deildirnar væru samþykkar að láta reglur um meginlandshundapróf taka gildi strax?

Nokkrar umræður urðu um málið og kom fram að sumar tegundir gætu samkvæmt endurskoðuðum reglum farið tvær leiðir að sama titli og bent var á að meiri kröfur væru fyrir veiðimeistaratitli á heiði en í meginlandsprófi. Vilji er til þess hjá Vorstehdeild að þetta yrðu tveir aðskildir titlar.

Einnig var rætt nokkuð um vinnu endurskoðunarnefndar og skort á upplýsingaflæði frá nefndinni til stjórnar deildanna. Lagt var til að farið yrði eftir norskum veiðiprófareglum, þær þýddar og reglurnar hér látnar gilda í 1-1,5 ár lengur en í Noregi, þ.a. ef reglunum yrði breytt þar þá yrði þeim breytt hér í framhaldinu. Endurskoðunarnefndin hóf þá vinnu en hætti þar sem meðlimir hennar töldu sig ekki hafa umboð til þeirrar vinnu.



Herdís benti á að í veiðiprófareglum væru ekki til staðar heimild fyrir stjórn félagsins að veita undanþágu frá reglunum en ef allar deildir í TH7 samþykktu að bæta slíku ákvæði inn skapaðist möguleiki á að veita undanþágu frá 5 ára reglu. Þá yrði hægt að láta samþykki fyrir endurskoðuðum reglum standa en gildistöku yrði frestað til 1. janúar 2020, að reglum um meginlandshundapróf undanskildum sem tækju gildi nú þegar. Deildirnar gætu þá haldið áfram endurskoðun og fengið undanþágu frá 5 ára reglunni síðar.

Ákveðið að bæta inn í reglupakkann, með samþykki fulltrúa allra deilda í TH7, að stjórn HRFÍ hafi heimild til að veita undanþágu frá veiðiprófareglunum.

Umræður um reglurnar og málsmeðferðina spunnust frá ýmsum hliðum. Ákveðið að fresta gildistöku veiðiprófareglna TH7 til 1. janúar 2020 að undanskildum reglum um meginlandshundapróf sem taka gildi nú þegar enda fyrsta próf á dagskrá á næstunni.

Í umræðum kom fram að skoða þyrfti meistaratitla og jafnvel aðgreina, þ.e. meginlandshundaveiðimeistaratitil og veiðimeistaratitil. Endurskoðunarnefnd falið að taka afstöðu til meistaratitla og koma því á framfæri til breytinga á reglum ef svo ber undir.

## 2. Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

Endurskoðuð reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ var samþykkt af stjórn 9. maí s.l. en reglurnar hafa ekki ennþá verið birtar og áttu að taka gildi. 1. júní. Ræktunar- og staðlanefnd félagsins ætlar að halda kynningarfund um nýju reglurnar 11. júní og ákveðið er að fresta gildistöku reglnanna til 15. júní, þá taka reglurnar gildi eftir að þær hafa verið birtar og kynntar.


## 3. Deildarsýning Schäferdeildar

Schäferdeild HRFÍ sækir um deildarsýningu 12. október 2019 en dómari er Peter Snijders frá Hollandi. Sýningastjórn gerir ekki athugasemdir við deildarsýninguna en ákveðið að biðja um frekari upplýsingar um fjárhag deildarinnar fyrir næsta stjórnarfund.

## 4. Málstofa um einangrunarmál

Guðni lagði til að stjórn HRFÍ héldi málstofu um einangrunarmál þar sem breiður hópur innan og utan félagsins yrði boðaður. Nokkrar umræður sköpuðust um málið en engin ákvörðun tekin.

Fund slitið kl. 20:00

  
Herdís Þallmasdóttir  
Þorsteinn Thorsteinsson  
Guðni B. Guðnason  
Haldrós Sævar  
Andrú síð Sigurguðrúsdóttir